

## 5. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja og efla unglinga- og kennslumál á vegum Knattspyrnuráðs Reykjavíkur, samkv. nánari fyrirmælum ráðsins og ákvörðunum hverju sinni og annast stjórn sjóðsins veitingu styrkja, sem ráðið ákveður.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, sem fyrsta sinni eru kosnir af Knattspyrnuráðinu, en síðan kosnir árlega á aðalfundi ráðsins.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins, fundarsamþykktir og annað er varðar sjóðinn. Stjórnin heldur og bók yfir eigur sjóðsins, tekjur og gjöld. Gjafir til sjóðsins skal láta skrá í sérstaka bók.

## 8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Knattspyrnuráðsins.

## 9. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt, nema með einróma samþykkt sjóðsstjórnar og samþykkt aðalfundar Knattspyrnuráðs Reykjavíkur.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 50 19. febrúar 1976 fyrir  
Vatnsveitu Sauðárkróks.

## 18. gr. orðist svo:

Þegar vatn er selt samkvæmt mæli eða vatnsnotkun er áætluð skv. 17. gr. skal greiða auk gjalds skv. 16. gr. kr. 1.14 fyrir hvern rúmmetra vatns. Gjöld samkvæmt þessari grein eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar pr. 1. janúar 1981 (626 stig) og breytast samkvæmt henni þegar breytingar verða á nefndri vísitölu. Gjöld samkvæmt þessari grein ber að greiða fyrir 2 mánuði í senn. Gjald dagi er við framvísun reiknings. Gjöldin eru eindöguð ef greiðsla hefur ekki farið fram innan 10 daga frá gjalddaga.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. júní 1981.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*